

EFTIRLITSSKÝRSLA

Kratus ehf Hvalfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	6.7.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Kratus ehf	Eftirlitsmaður	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Heimili	Klafastaðavegi 4	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	4307002270	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Brynja Silness	ÍSAT nr.	3832
Fulltrúi fyrirtækis	Haraldur Thorlacius	Staðsetning	64,355088 -21,788370

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrra reglubunda eftirlit ársins, Tvö frávik eru skráð frá starfsleyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Í byrjun fundar var farið yfir stöðu eldri frávíka rekstraraðila frá starfsleyfi:

-Frávik frá grein 2.14 er varðar geymslu á saltköku Gert var ráð fyrir að geymslan yrði tæmd í apríl en tafir hafa orðið á því þar sem móttökuaðili þarf að taka á móti saltökunni í sérsmíðuðum gámum. Gámarnir eru á leiðinni og er ráðgert að þau 1200 -1500 tonn sem eru geymd í geymslunni í Vogatungu og um 1200 tonn sem eru á verksmiðjumsvæðinu verði flutt út fyrir 15. ágúst.

-Frávik frá grein 2.5 í starfsleyfi er varðar hámarkslosun í útblæstri Magn HF og Cl2 í útblæstri er yfir mörkum í mælingu sem gerð var 18. maí s.l. Samkvæmt rekstraraðila varð salt í hráefninu til þess að magn klórs var of hátt, salt hefur safnast fyrir í reykhreinsivirkinu en búið er að gera göt til að hreinsa það og beðið er eftir nýrri mælingu. Mælingar sem áttu að fara fram hafa tafist vegna slæms aðgengis að strompi reykhreinsivirkisins en búið er að gera stiga þar að og er ráðgert að mæliaðili komi þann 13.júlí til mælinga.

-Frávik frá grein 2.3 í starfsleyfi og reglugerð 35/1994 varðandi olúgeyma með engri árekstravörn og ófullnægjandi lekavörn: Búið er að grafa niður tanka og tilheyrandi lekavörn. Dæla hefur verið tengd en á eftir að prófa en eftir það fara báðir tankarnir.

-Frávik er varðar óafgirta lóð er enn ábótavant en hefur tafist vegna framkvæmda á svæðinu. Ráðgert er að nýtt stjórnhús verði tekin í gagnið í júlí og girðing verði sett upp um miðjan mánuð. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir verði núnar á svæðinu í september. Svæðið verður malbikað og gámar settir inn í efnageymslu.

Eftir að hafa farið yfir stöðu eldri frávíka var rætt um gjallsand og úrgangsmál en settur verður upp malari fyrir gjallsandinn í júlí en áætlað er að eftir það verði hægt að setja gjallsand beint í flæðigryfju án þess að þurfa að fara í gegnum skolgryfju áður. Farið var yfir skráningar skv. grein 3.2 í starfsleyfi en vel var haldið utan um skráningar í bókhaldinu. Verið er að endurpoka ályrk sem verður svo flutt út til móttökuaðila í Kína þar sem það er notað í sement. Að lokum var farið í skoðunarferð um verksmiðjuna og umhverfi.

Frávik frá	Lýsing á frávíki
grein 2.5 - Hámarkslosun í útblæstri	Í sýnatökuáætlun Umhverfisstofnunar var auka mæling gerð á útblæstri verksmiðjunnar. Í þeirri mælingu mældist rykmagn í útblæstri 39,3 mg/Nm ³ en losunarmörk eru 20,0 mg/Nm ³ .

grein 3.4 - Grænt bókhald og Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi ber að skila fyrir 1.maí ár hvert. útstreymisbókhald

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 15.09.2017


Einar Halldórsson

